

Horfinn heimur - Minningaglefsur

Þröstur Ólafsson, vinur og félagi til margra ára, hefur ritað bók sem hann nefnir “Horfinn heimur - Minningaglefsur-“. Undirtitillinn ber það með sér að ætlan hans hafi ekki verið að skrifa minningar þar sem lífsferillinn er rakinn og greint frá merkjum viðburðum. Bókin er ekki ævisaga í þeim skilningi en lýsir lífshlaupi Þrastar með öðrum hætti, einkum persónulegri þróun hans og mótun heimssýnar hans. Þá þróun tengir hann tilgreindum atburðum og aðstæðum á lífsferlinum sem verða eins konar vörður á mótunarferlinu.

Við Þröstur kynntumst í Menntaskólanum á Akureyri og höfum haldið venskap síðan. Báðir erum við uppvaxnir til sveita, annar norðanlands en hinn á suðurlandi. Við fórum báðir til náms í hagfræði í V-Berlín og þótt fótspor okkar hafi ekki legið í sömu slóð síðan þá voru þau löngum samsíða. Í starfi komum við tíðum að sömu málum svo sem kjaramálum þótt ekki væri það alltaf frá sömu hlið og störfuðum með eða í nánd við pólitísk stjórnmöld.

Þessi sameiginlega vegferð veldur því að ég á auðvelt að skilja erindi Þrastar með bókinni, ályktanir hans og niðurstöður, þótt þær kynnu að hafa orðið aðrar hefði ég staðið í hans sporum enda er bók hans persónuleg og innhverf. Í henni lýsir hann aðstæðum og ástandi frá eigin skynjun og skilningi hvort sem er uppvexti í sveitinni, námi erlendis, eða í störfum sínum. Hann fjallar um áhrifin á sig, heimsmynd sína og sjálfsmynd fremur en það sem fyrir auga ber. Á vissan hátt má segja að í bókinni sé hann að lýsa leitinni að sjálfum sér, skýra út hvers vegna hann er eins og hann er.



Ísl. stúdentarnir í V-Berlín 17. júní 1964.
Þröstur Ólafsson, Ólafur Ragnars, Ólafur
Pétursson, Indriði H. Þorláksson

Við komu Þrastar til Berlín voru 16 ár liðin frá frá stríðslokum og ég kem þangað ári síðar. Borgin, landið og þjóðin var framandi. Í MA hafði þýskukennari okkar, Friðrik Þorvaldsson, miðlaði okkur mynd af Þýskalandi sem átti lítið sameiginlegt með því Þýskalandi sem nú blasti við okkur. Sviðsmyndin var allt önnur en í ljóðum Goethe og Heine og sögum Thomasar Mann. Veraldarsögukennsla í menntaskólum á Íslandi í þá tíð náði vart til síðustu aldamóta þannig að tvær heimsstyrjaldir og vel það vantaði í heimsmynd okkar.

Erfitt var að samræma mynd fagaðrar þýskrar menningar, bókmennta, tónlistar, heimspeki og afreka í vísindum og tækni við rústir og aðrar afleiðingar villimennsku nasistatímabilsins sem við

blasti í landi sem skipt var með víggirðingum í tvö sundurþykk ríki. Hluti af fyrrum höfuðborg þess var umkringd múr í miðju þess landshluta sem var undir leppstjórn Rússa. Berlín var þá miðpunktur kalda stríðsins sem keyrt var áfram með þeirri sömu stríðsögn og lagt hafði stóran hluta Evrópu í rústir. Í bókinni lýsir Þröstur þeirri firringu sem þetta ástand kallar fram hjá honum og leit hans að einhverju því sem vísað gæti veginn úr þeim ógöngum sem í stefndi héldi Evrópa áfram á sömu braut þar sem vesturhluti hennar stefndi á óheftan kapítalisma þar sem fámenn auð- og valdastétt réði öllu en Austurverópa var seld undir einræði og sýndarsósíalisma.

Í framhaldi af lýsingu á Berlínardvölinni og áhrifum hennar er bókin að verulegu leyti hugleiðingar og hugvekjur tengdar stiklum úr ævi Þrastar sem verða honum tilefni til að skoða og greina umhverfi sitt á hverjum tíma og endurmeta stöðu sína í ljósi þess. Sjónarhorn þess endurmats er þó ekki sá tímapunktur sem um ræðir hverju sinni heldur ritunartími bókarinnar þegar ýmislegt hafði safnast í sarp reynslunnar sem ekki lá fyrir áður eða var meðvitað þá. Þannig verður þetta ekki réttlætning á breyttum skoðunum hans og afstöðu á hverjum tíma en miklu fremur greining á breytingum á heimsmynd hans og þjóðfélagssýn á langri ævi.

Þannig lýsir hann m.a. því hvernig pólitísk afstaða hans breytist frá kristilegri, þjóðernishollri framsóknarmennsku og þingeyskri samvinnuhugsjón yfir í marxisma, maóisma og anarkisma

stúdentauppreisnanna á sjöunda áratug síðustu aldar og síðan leið hennar í gegnum ysta vinstrið í flokkapólitík á Íslandi yfir í klassíska kratastefnu gamla Alþýðuflokksins. Segja má að þá hafi hann að vissu leyti verið kominn aftur í þau spor sem hann yfirgaf á sínum tíma í Berlín þ.e. þá leið félagslegs markaðsbúskapar (Soziale Marktwirtschaft) sem var grunnur ríkjandi efnahagsstefna í V-Þýskalandi. Í tíð Willy Brandt sem kanslara var hún styrkt með stefnu friðsamlegar sambúðar (Neue Ostpolitik) ríkja með ólík stjórnmalakerfi og varð grundvöllur að þeirri þróun sem leiddi til falls Járntjaldsins, Berlínarmúrsins og einræðisstjórna víða í A-Evrópu tveimur áratugum síðar. Þröstur samsamar sig þó ekki að fullu Alþýðuflokknum eða arftaka hans Samfylkingunni. Annars vegar vegna andvaraleysis hins fyrrnefnda í umhverfis- og náttúruvernd og hins vegar vegna meintrar öfgakenndrar réttindabaráttu síðarnefnda flokksins.

Vörðurnar sem Þröstur staldrar við í síðari köflum bókarinnar eru flestar á Íslandi. Þar greinir hann frá afskiptum sínum og störfum af margvíslegum toga. Forystu í málum stúdentasamtaka, pólitísku starfi í Alþýðubandalaginu, stjórn bókaútgáfu Máls og Menningar og Sinfóníuhljómsveitarinnar og störfum fyrir verkalyðshreyfinguna m.a. vinnu að sjávarútvegsmálum. Hann segir einnig frá aðkomu sinni sem aðstoðarmaður utanríkisráðherra að milliríkjamálum og fjölþjóðlegri samvinnu sem hann styður heils hugar en gagnrýnir einangrunarstefnu Íslands í viðskipta- og gjaldeyrismálum. Lokakafla bókarinnar helgar hann umhverfismálum og landvernd, sem átt hafa hug hans alla tíð, og fjölskyldu sinni en áður hafði hann fjallað um erfið persónuleg mál sem hann hafði átt við að glíma.

Hugleiðingar Þrastar við þær vörður, sem hann staldrar við á æviferlinum, eru eins og áður segir ekki tengdar þeim í tíma eða rúmi heldur dregur hann þær inn í umræðu um álitamál fortíðar og nútíðar og verður tíðrætt um sigilda jafnt sem nútímaleg birtingarmynd ýmissa samfélagslegra fyrirbæra. Meðal þeirra eru þjóðernisrembingur, lýðskrum og málefni minnihlutahópa. Hann dregur það fram hvernig öfgafull þjóðernishyggja hefur staðið á bak við félagslegar hamfarir, ofbeldi og stríð frá örófi alda til dagsins í dag og bendir á að þjóðrembingur hefur jafnan orðið að vopni í höndum lýðskrumara sem virkja hann í valdabrölti sínu. Hann spyr einnig hvort andvaraleysi þeirra sem hneigjast til frjálsslyndis í samfélagsmálum sé um að kenna vaxandi gengi þjóðernislýðskrumara í seinni tíð svo sem Trump í BNA, ráðamanna í sumum ríkjum A-Evrópu og stjórnmalaafla annars staðar, m.a. hér á landi.

Þótt hugsjónir jafnréttis og jafnræðis eigi fastan sess í viðhorfum Þrastar viðrar hann áhyggjur af því hvort það rými sem kvenréttindi og staða minnihlutahópa hefur tekið í samfélagsumræðunni hafi þanist svo út á kostnað annarra samfélagsmála, svo sem stöðu launafólks, misskiptingar eigna og tekna og ekki síst umhverfis- og loftlagsmála, að það beini augum stjórnmalaflokkanna um of að þeim fyrrnefndu en fæli þá frá því að sinna öðrum ekki síður mikilvægum málum.

Ónefndur er einn undirliggjandi þráður í hugleiðingum Þrastar þar sem eru tengsl Íslands við menningu og sögu Evrópu, sem glögg er að sjá í trúarbrögðum, bókmenntum, listum, siðfræði og löggjöf. Á þessum sviðum hefur Ísland ætíð verið hluti af Evrópu og það ekki bara Norðurlandanna. Menning okkar og siðir eiga rætur í Evrópu og við eigum heima í samfélagi og samvinnu Evrópuþjóða. Þessi tengsl eru ekki síður rök fyrir nánnum pólitískum tengslum við Evrópu en fjárhagslegir og efnahagslegir hagsmunir. Þar eigum við heima í stað þess að hirst einangraðir á landfræðilegu eylandi sökum inntakslausra fullveldisóra.

Bók Þrastar eru heiðarleg og einlæg reikningsskil eftir langa og annasama ævi þar sem hann hefur komið víða við og látið eftir sig spor. Í henni er hann ósérhlífinn og játar hiklaust þau víxlspor sem hann kann að hafa stigið og er hófstílltur í ummælum um samferðamenn sína og lætur þá ætíð njóta sannmælis.